

**Félag prófessora
við ríkisháskóla**

Ársreikningur 2023

Félag prófessora við ríkisháskóla
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Kt. 490896-2369

Efnisyfirlit

| | Bls. |
|--------------------------------------|------|
| Skýrsla og áritun stjórnar | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Áritun skoðunarmanna | 5 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |
| Sundurliðanir | 11 |
| Starfsþróunarsjóður prófessora | 12 |

Skýrsla og áritun stjórnar

Félag prófessora við ríkisháskóla er stéttarfélag prófessora við íslenska ríkisháskóla, þ.e. Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskólann á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam afgangur af rekstri félagsins 4,0 millj. kr. og Starfsþróunarsjóðs prófessora 898 þús. kr. á árinu. Eigið fé félagsins í lok rekstrarárs nam 50,0 millj. kr. og eigið fé Starfsþróunarsjóðs nam 94,3 millj. kr.

Einn starfsmaður starfar hjá félaginu í 60% starfshlutfalli. Starfshlutfall var 50% fyrri hluta árs og fór í 60% starfshlutfall síðari hluta árs 2023. Launagreiðslur félagsins námu 10,2 millj. kr. á rekstrarárinu (2022: 9,0 millj. kr.). Laun fyrir stjórnarsetu nam 7,4 millj. kr. (2022: 6,1 millj. kr.). Launatengd gjöld námu 4,3 millj. kr. (2022: 1,1 millj. kr.). Hlutdeild Starfsþróunarsjóðs í launum og launatengdum gjöldum starfsmanns nam 1,9 millj. kr. (2022: 895 þús. kr.). Þóknun til stjórnar Starfsþróunarsjóðs nam 923 þús. kr. (2022: 840 þús. kr.).

Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu rekstrarári.

Við undirritaðir stjórnarmenn í Félagi prófessora við ríkisháskóla staðfestum hér með ársreikning þennan fyrir árið 2023.

Reykjavík, 3. maí 2024.

Í stjórn félagsins:

Rafræn undirritun stjórnenda félagsins er á forsiðu ársreiknings.

Sigrún Ólafsdóttir formaður
Ólafur Páll Jónsson varaformaður
Grétar Þór Eypórsson, gjaldkeri
Guðný Björk Eydal
Hólmfríður Garðarsdóttir
Ragna Benedikta Garðarsdóttir
Zophonías Oddur Jónsson
Þóroddur Bjarnason

Framkvæmdastjóri:

Lilja Þorgeirsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning félagsins fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, aðrar skýringar og rekstrarreikning og efnahagsreikning Starfsþróunarsjóðs Prófessora.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun ársreikninga. Könnun ársreikninga í samræmi við ISRE 2400 felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á ársreikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og Starfsþróunarsjóðs á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 3. maí 2024.

Endurskoðun og reikningshald ehf.

Rafræn undirritun endurskoðanda er á forsiðu ársreiknings.


Ágústa K. Guðmundsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir skoðunarmenn Félags prófessora við ríkisháskóla höfum skoðað ársreikning þennan fyrir árið 2023, en hann hefur að geyma rekstrarreikning ársins 2023, efnahagsreikning 31. desember 2023, yfirlit um sjóðstreymi, skýringar og rekstrar- og efnahagsreikning Starfsþróunarsjóðs prófessora.

Við höfum gert þær kannanir á bókhaldi, bókhaldsgögnum, eignum og skuldum félagsins sem við töldum nauðsynlegar og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 26. apríl 2024.


Brynjólfur Sigurðsson


Jónatan Þórmundsson

Rekstrarreikningur ársins 2023

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|----------|------------------|------------------|
| Rekstrartekjur | | | |
| Félagsgjöld | | 35.613.372 | 33.491.625 |
| | | 35.613.372 | 33.491.625 |
| Rekstrargjöld | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 20.323.433 | 15.667.105 |
| BHM aðildargjald..... | | 7.975.490 | 6.474.560 |
| Styrkir..... | | 250.000 | 0 |
| Kostnaður við félagsstarfsemi | | 1.780.622 | 2.175.266 |
| Skrifstofukostnaður | | 2.751.773 | 3.269.990 |
| | | 33.081.318 | 27.586.921 |
| Rekstrarafgangur..... | | 2.532.054 | 5.904.704 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtatekjur | | 1.908.346 | 779.386 |
| Fjármagnstekjuskattur | | (419.832) | (171.465) |
| | | 1.488.514 | 607.921 |
| Afgangur | 4 | 4.020.568 | 6.512.625 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|--|-------|-------------------|-------------------|
| Eignir | | | |
| Veltufjármunir | | | |
| Félagsgjöld, óinnheimt | | 2.636.703 | 2.268.652 |
| Krafa á Starfsþróunarsjóð..... | | 2.850.388 | 972.445 |
| Handbært fé..... | | 48.613.946 | 46.444.058 |
| Veltufjármunir | | <u>54.101.037</u> | <u>49.685.155</u> |
| Eignir samtals | | <u>54.101.037</u> | <u>49.685.155</u> |
| Skuldir og eigið fé | | | |
| Eigið fé | | | |
| Eigið fé | | 49.993.667 | 45.973.099 |
| Eigið fé | 4 | <u>49.993.667</u> | <u>45.973.099</u> |
| Langtímaskuldbindingar | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 5 | 1.601.151 | 1.595.919 |
| Langtímaskuldbindingar | | <u>1.601.151</u> | <u>1.595.919</u> |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir..... | | 946.478 | 472.842 |
| Aðrar skammtímaskuldir..... | | 1.559.741 | 1.643.295 |
| Skammtímaskuldir | | <u>2.506.219</u> | <u>2.116.137</u> |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | <u>4.107.370</u> | <u>3.712.056</u> |
| Skuldir og eigið fé samtals | | <u>54.101.037</u> | <u>49.685.155</u> |

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|--|-------------------------|-------------------|-------------------|
| Handbært fé frá rekstri | | | |
| Rekstrarafgangur..... | | 2.532.054 | 5.904.704 |
| | Veltufé frá rekstri | 2.532.054 | 5.904.704 |
| Skammtímakröfur, hækkun..... | | (2.245.994) | (1.017.146) |
| Skammtímaskuldir, hækkun..... | | 395.314 | 1.706.068 |
| | | 681.374 | 6.593.626 |
| Innborgaðir vextir að frádragnum fjármagnstekjuskatti..... | | 1.488.514 | 607.921 |
| | Handbært fé frá rekstri | 2.169.888 | 7.201.547 |
| Hækkun á handbæru fé | | 2.169.888 | 7.201.547 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 46.444.058 | 39.242.511 |
| Handbært fé í árslok | | 48.613.946 | 46.444.058 |

Skýringar

1 Starfsemi

Félag prófessora við ríkisháskóla er stéttarfélag prófessora við íslenska ríkisháskóla, þ.e. Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskólann á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands. Aðsetur félagsins er í Borgartúni 27, Reykjavík

2 Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu þeirra. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Skráning tekna

Félagsgjöld eru tekjufærð á því tímabili sem þau falla til.

Skráning gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar til tekna á því tímabili sem þær tilheyra. Fjármagnskostnaður er færður í ársreikninginn á því tímabili sem hann fellur til.

Skammtímafröfur

Skammtímafröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi.

3 Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2023 | 2022 |
|--|-------------------|-------------------|
| Laun | 10.235.336 | 8.953.836 |
| Stjórnarlaun / þóknun til stjórnar..... | 7.440.192 | 6.128.122 |
| Lífeyrissjóðsgjöld | 2.867.858 | 413.733 |
| Tryggingagjald | 1.307.366 | 594.841 |
| Sjóðagjöld stéttarfélaga | 142.154 | 110.573 |
| Bifreiðastyrkur..... | 45.021 | 0 |
| Lífeyrir vegna fyrrverandi starfsmanna | 189.236 | 203.435 |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar..... | 5.232 | 135.496 |
| Tryggingar starfsfólks | 24.168 | 22.453 |
| Hlutur Starfsþróunarsjóðs í launum framkvæmdastjóra..... | (1.933.130) | (895.384) |
| | <u>20.323.433</u> | <u>15.667.105</u> |
| Ársverk..... | 0,6 | 0,7 |

4 Yfirlit um eigið fé

| | | |
|----------------------------|-------------------|-------------------|
| Eigið fé í ársbyrjun | 45.973.099 | 39.460.474 |
| Afgangur ársins | 4.020.568 | 6.512.625 |
| Eigið fé í árslok | <u>49.993.667</u> | <u>45.973.099</u> |

Skýringar

5 Skuldbindingar

Á félaginu hvíla lífeyrisskuldbindingar vegna fyrrverandi starfsmanna sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, vegna hluta þeirrar verðbreytingar, sem verður á eftirlaunum starfsmanna, eftir að grunneftirlaun eru ákveðin þegar starfsmenn fara á eftirlaun. Skuldbindingin var reiknuð af sérfræðingi fyrir árið 2023, en næst verður hún reiknuð í árslok 2025. Reiknuð lífeyrisskuldbinding nam kr. 1.601.151 kr. í árslok 2023. Gjaldfærðar greiðslur vegna þessara lífeyrisskuldbindinga námu 189.236 kr. árið 2023 og 203.435 kr. árið 2022.

Sundurliðanir

| | 2023 | 2022 |
|--|-------------------|-------------------|
| Kostnaður við félagsstarfsemi | | |
| Ráðstefnur og fundir | 774.002 | 684.352 |
| Erlent samstarf | 634.035 | 1.049.013 |
| Kaffi og fundarkostnaður | 286.485 | 255.751 |
| Árshátíð, jólahlaðborð og aðrar samkomur | 86.100 | 186.150 |
| | <u>1.780.622</u> | <u>2.175.266</u> |
| Skrifstofukostnaður | | |
| Húsaleiga | 674.008 | 851.352 |
| Rekstur tölvukerfis og húsnæðiskostnaður..... | 443.695 | 340.428 |
| Sími og nettengingar..... | 197.100 | 95.000 |
| Gjaldfærður búnaður..... | 160.998 | 171.726 |
| Endurskoðun og uppgjör..... | 1.368.463 | 1.010.600 |
| Bókhaldsþjónusta..... | 306.500 | 0 |
| Sérfræðiþjónusta..... | 121.416 | 0 |
| Ritföng, pappír og prentun | 136.872 | 73.628 |
| Námskeið..... | 0 | 95.000 |
| Auglýsingar | 145.390 | 414.290 |
| Bankakostnaður, þjónustugjöld | 109.749 | 82.010 |
| Tækifærisgjafir o.fl. | 4.840 | 135.956 |
| Hlutdeild Starfsþróunarsjóðs í sameiginl. rekstrarkostnaði.... | (917.258) | 0 |
| | <u>2.751.773</u> | <u>3.269.990</u> |
| Bankareikningar félagsins | | |
| Landsbankinn 310160..... | 15.542.381 | 14.692.424 |
| Landsbankinn 062369..... | 341.344 | 71.629 |
| Arion bank 060555..... | 32.730.221 | 14.680.005 |
| Arion banki 041339..... | 0 | 17.000.000 |
| | <u>48.613.946</u> | <u>46.444.058</u> |
| Bankareikningar Starfsþróunarsjóðs | | |
| Landsbankinn 02590..... | 0 | 20.000.000 |
| Landsbankinn 002097..... | 0 | 60.000.000 |
| Landsbankinn 381601..... | 97.200.578 | 14.424.404 |
| | <u>97.200.578</u> | <u>94.424.404</u> |

Starfsþróunarsjóður prófessora

Rekstrarreikningur ársins 2023

| | 2023 | 2022 |
|---|-------------|------------|
| Rekstrartekjur | | |
| Framlag í starfsþróunarsjóð | 44.712.510 | 42.724.095 |
| | 44.712.510 | 42.724.095 |
| Rekstrargjöld | | |
| Styrkir | 45.452.901 | 27.241.844 |
| Laun og launatengd gjöld..... | 1.933.130 | 895.384 |
| Þóknun til stjórnar..... | 922.632 | 839.564 |
| Ferðakostnaður | 181.470 | 125.120 |
| Stjórnarfundir og annar kostnaður..... | 83.269 | 401.685 |
| Hlutdeild í sameiginlegum rekstrarkostnaði..... | 917.258 | 0 |
| | 49.490.660 | 29.503.597 |
| Rekstrarafkoma..... | (4.778.150) | 13.220.498 |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld | | |
| Vaxtatekjur | 7.277.411 | 1.536.086 |
| Fjármagnstekjuskattur | (1.601.030) | (337.939) |
| | 5.676.381 | 1.198.147 |
| Afgangur | 898.231 | 14.418.645 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| | 2023 | 2022 |
|------------------------------------|------------|------------|
| Eignir | | |
| Handbært fé..... | 97.200.578 | 94.424.404 |
| Eignir samtals | 97.200.578 | 94.424.404 |
| Eigið fé og skuldir | | |
| Frá fyrra ári | 93.451.959 | 79.033.314 |
| Afgangur ársins | 898.231 | 14.418.645 |
| Eigið fé | 94.350.190 | 93.451.959 |
| Ógreitt til félagssjóðs..... | 2.850.388 | 972.445 |
| Skammtímaskuldir | 2.850.388 | 972.445 |
| Eigið fé og skuldir samtals | 97.200.578 | 94.424.404 |